



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 6. september 2017
1703203 SPH/hs

Efni: Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata breyting v/ fimleikahúss

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 4. sept. 2017, var fjallað um tillögu að breytingu deiliskipulagi Stofnanareits vegna Vestorgötu 130 íþróttahúss var auglýst skv. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 þann 22. júní 2017. Athugasemdafrestur var til 8. ágúst 2017.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.

Tvær athugasemdir bárust.

Gerðar voru athugasemdir við málsméðferð, bílastæðamál, hæð húss og skuggavarp.

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir framlagða greinargerð sviðsstjóra sem svar við framkomnum athugsemdum um deiliskipulagið. Athugasemdirnar gáfu tilefni til eftirtalinna lagfæringa á skipulagstillöggunni:

Gert verði ráð fyrir 11 nýjum bílastæðum við Háholt norðan nýbyggingarinnar og gangstétt færð suður fyrir þau.

Ákvæði er sett um að nýbygging skuli vera eins sunnarlega á byggingarreit og kostur er.




Akraneskaupstaður

Minni háttar breytingar eru gerðar á skipulagsmörkum og mörkum stofnanalóðar vegna bílastæða við Háholt.

Breytingarnar eiga ekki við meginatriði deiliskipulagsins og gefa ekki tilefni til þess að auglýsa það að nýju.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt með áorðnum breytingum eftir auglýsingartíma, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Deiliskipulagsuppráttur
Greinargerð/umsögn um athugasemdir
Athugasemdir við deiliskipulagið 1
Athugasemdir við deiliskipulagi 2